

303. fundur Skólaneftndar FS

7. september 2010



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Fanney D. Halldórsdóttir, Ingimundur P. Guðnason, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Andri Þór Ólafsson og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns.
 2. Upphaf haustannar 2010.
 3. Úttekt á FS.
 4. Önnur mál.

1. Kosning formanns.

Formaður skólaneftndar kosinn. Lagt til að Kristbjörn Albertsson verði formaður nefndarinnar; samþykkt samhljóða.

2. Upphaf haustannar 2010.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar og breytingum á starfsliði. Nýir kennarar eru Andrés Þórarinn Eyjólfsson, Brynja Brynleifsdóttir, Helga Ingimundardóttir, Inga Lilja Eiríksdóttir, Laufey Danivaldsdóttir, Magnús Einþór Áskelsson, Ómar Ragnarsson, Sigríður Anna Ólafsdóttir og Simon Cramer Larsen. Gerður Rún Ólafsdóttir hefur verið ráðin sem stuðningsfulltrúi. Nemendur eru 1.095 í dagskóla, um 70 í kvöldskóla og 60 grunnskólanemendur stunda nám í einstökum áföngum.


3. Úttekt á FS.

Skólameistari sagði frá úttekt sem menntamálaráðuneytið lét gera á skólanum síðasta vetur. Skýrsla með niðurstöðunum barst á dögunum og skólinn þarf í kjölfarið að skila umbótaáætlun til ráðuneytisins. Um er að ræða reglubundna úttekt sem gerðar eru á stofnunum. Ákveðið að skólaneftndarmenn kynni sér skýrsluna og hún verði síðan rædd á næsta fundi.

4. Önnur mál.

- a) Skólinn er orðinn þátttakandi í verkefni Lýðheilsustöðvar um heilsueflandi skóla.
- b) Rætt um sjónvarpsþætti sem sýndir eru á vef nemendafélagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari